

GJALDSKRÁ fyrir stofngjald fráveitu í Borgarbyggð

1. gr.

Sveitarsjóður Borgarbyggðar innheimtir gjald fyrir tengingu við fráveitu í Borgarbyggð skv gjaldskrá þessari og samþykkt um fráveitur og rotþrær í Borgarbyggð nr. 296/2007.

2. gr.

Stofngjald fyrir tengingu og lagningu frárennislagna við fráveitukerfi sveitarfélagsins skal vera:

Fyrir hvern heimæðarstút sem 6“ eða minni kr. 150.000

Fyrir hvern heimæðarstút sem er stærri en 6“ „ 250.000

Í þeim tilvikum þar sem lengd heimæðar frá stofnæð að lóðarmörkum fer yfir 10 metra skal innheimta raunkostnað hverju sinni. Óski húseigandi eftir færslu fráveituheimæðar að nýjum tengipunkti greiðir hann útlagðan kostnað vegna færslunnar.

3. gr.

Gjöld skv gjaldskrá þessari má taka lögtaki og má gera lögtak í hinni skattskyldu eign án tillits til eigendaskipta. Njóta gjöldin lögveðsréttar í lóð og mannvirkjum næstu fjögur ár eftir gjalddaga með forgangsrétti fyrir hvers konar samningsveði og aðfararveði.

4. gr.

Einingarverð skv gjaldskrá þessari breytist í janúar ár hvert í samræmi við breytingar á byggingarvísitölu sem Hagstofa Íslands reiknar út. Grunnvísitala miðast við mars 2019 sem er 142,4 stig.

5. gr.

Gjaldskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt X. kafla vatnalaga nr. 15/1923 og 25. gr. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998 og öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá sama efnis nr. 1242/2014.

Borgarnesi 11. apríl 2019.

Gunnlaugur A. Júlíusson
sveitarstjóri